Sþ. **64. Tillaga til þingsályktunar** [58. mál]

um fjölgun póstferða.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að póstferðum verði fjölgað um þau héruð, þar sem ferðirnar eru nú strjálastar, svo að póstur verði fluttur um allar byggðir eigi sjaldnar en vikulega á öllum árstímum.

Greinargerð.

Í sumum héruðum landsins er nú póstflutningum hagað þannig, að aukapóstar ganga frá aðalpóststöðvum um sveitirnar vikulega að sumrinu, en aðeins á hálfsmánaðarfresti að vetrarlagi. Þykir mönnum, sem eðlilegt er, illt að búa við svo strjálar póstferðir að vetrinum. Hér er því lagt til, að póstferðum um sveitirnar verði fjölgað, svo að þær verði eigi sjaldnar en vikulega á öllum árstímum.